

# Dagsferðir Eflingar

## Daytrips of Efling

Bókanir hefjast 18. maí

Booking starts May 18<sup>th</sup>



Ljósmynd: Þorfinnur Sigurgeirsson

## Borgarfjörður

29. ágúst og 5. september

Hér er svo sannarlega gott tækifæri til að fara í skemmtilegt dagsferðalag, njóta útsýnis í fallegri náttúru og fróðleiks á sögufrægum slóðum með góðum fararstjórum.

**Borgarfjörðurinn er þrunginn af sögu og fögrum stöðum og því er af nægu að taka.**

Í lok sumars verður boðið upp á dagsferðir í Borgarfjörð fyrir félagsmenn Eflingar þar sem heimsóttir verða áhuga-verðir og sögufrægir staðir. Borgarfjörðurinn skartar mikilli náttúrufegurð og sem fyrr verða reyndir leiðsögumenn með í för sem gerir ferðina að meiri upplifun. Skipulag ferðarinnar tekur mið af því að fólk á öllum aldri geti tekið þátt og á leiðinni njótum við útsýnis og útiveru á vel völdum áningarstöðum.

Brottför er frá Guðrúnartúni 1 kl. 8:15 og keyrt að Þingvöllum og þaðan inn á veginn yfir Uxarhryggi sem er fremur fáfarin en falleg leið í Borgarfjörð. **Uxarhryggjaleið er gömul leið með fjölda örnefna sem gaman er að fræðast um og mikil víðátta, auðn, fjöll og jöklar á leiðinni sem gerir leiðina að einstakri upplifun.** Förum svo í gegnum Lundarreykjadal og þaðan haldið á hinn fornfræga stað Reykholt þar sem boðið verður upp á leiðsögn um staðinn og sögu hans. Ferðinni er svo haldið áfram, staldrað við Hraunfossa og um hádegisbil komið að Húsafelli þar sem snætt verður nesti í fallegu umhverfi. Því næst er ferðinni heitið í geitabúið á Háafelli við Hvítársíðu þar sem við fáum að kynna því merka og áhugaverða hugsjónastarfi sem þar er við verndun íslenska geitastofnsins. Þaðan er ferðinni heitið að stærsta hver landsins, Deildartunguhver og að náttúralaugunum Kraumu og því

## Borgarfjörður

August 29<sup>th</sup> and September 5<sup>th</sup>

Here, one most certainly has a chance to take a fun daytrip, enjoy the beautiful natural scenery and learn about centuries past in storied locations with good guides.

Borgarfjörður is steeped in history and full of lovely spots and therefore there is ample material to work with.

At the end of summer, daytrips around Borgarfjörður will be made available for the members of Efling, where interesting and storied locations will be visited. Borgarfjörður contains a lot of natural beauty and, as before, experienced guides will come along for the journey, which will enrich the experience. The trip's organization will center around enabling people of all ages to participate and enjoy the view and outdoor-activities in a few select rest stops in the process.

Departure from Guðrúnartún 1 takes place at 8:15am, and from there we drive to Þingvellir and onwards down the road over Uxarhryggi, which is a seldom travelled but lovely way into Borgarfjörður. Uxarhryggjaleið is an old road which goes past many interesting landmarks and through desolate landscapes, mountains and glaciers which makes the trip such a unique experience. Then we go through Lundarreykjadalur and from there to the storied location named Reykholt, where a guide will tell us about the spot and its history. The trip then continues with a stop by Hraunfossar and Húsafell where snacks will be eaten in a lovely spot. After that, we head to the goat-farm at Háafell by Hvítársíða where we get to know the remarkable and interesting effort of preserving the Icelandic goat-stock. From there we go to the country's largest hot spring, Deildartunguhver, and to the natural pools



Hvanneyri

Ljós. Þorfinnur Sigurgeirsson



Reykholt

Ljós. Þorfinnur Sigurgeirsson



Búvélafarnið á Hvanneyri

Ljós. Þorfinnur Sigurgeirsson

næst komið við á Hvanneyri þar sem úr mörgu er að velja til að sjá og skoða, t.d. búvélafn og Ullarselið sem er með ýmiskonar handverk úr ull. Að lokum liggur leiðin í Landnámssetrið í Borgarnesi þar sem ferðalöngum verður boðið upp á ljúffenga súpu og nýbakað ilmandi brauð. Einnig gefst þar kostur á að skoða Egilssögu- eða Landnámssýningu. Áætluð heimkoma er undir kvöld.

Ferðalangar þurfa að hafa með sér nesti til dagsins, skjólgóðan fatnað og góða skó.

Lagt verður stundvíslega af stað frá Eflingu Guðrúnartúni 1 kl. 8:15. Mæting kl. 8:00. Áætluð heimkoma er um kl. 20:00. Fararstjóri verður Anna Soffía Óskarsdóttir.

Bókanir hefjast 18. maí og verð er aðeins 6.000 kr. á mann. Heimilt er að taka með einn gest og greiðir hann sama verð, en frítt fyrir börn undir 14 ára aldri. Hafa þarf í huga ef börn eru með að ferðin tekur u.þ.b. 12 klst.

Nánari upplýsingar verða settar á heimasíðu Eflingar er nær dregur.

**Athugið að val á áfangastöðum ræðst af veðri og aðstæðum á ferðadegi og ferðaáætlun gæti því breyst.**

Skráning í ferðina er á skrifstofu Eflingar í síma 510 7500 eða með tölvupósti – orlof@efling.is

of Krauma and thereafter to Hvanneyri where there are many things to see and examine, for instance a farming machinery museum and the Ullarsel which contains various artifacts made of wool. Finally, we head towards the Landnámssetur (The Settlement Center) in Borgarnes where the travelers will be offered delicious soup and freshly baked bread. There, one is also able to check out an exhibit on the Saga of Egill or a settlement exhibit. We plan to return in the early evening.

Travelers must bring their own snacks for the day, as well as warm clothing and good shoes.

Departure from Efling at Guðrúnartún 1 is set at precisely 8:15am. Please arrive there at 8am. We plan to arrive back at 8am. The guide will be Anna Soffía Óskarsdóttir.

Booking begins on May 18th and the price is 6.000 kronas per person. One can bring along one guest who pays the same price, whereas children under the age of 14 can come along for free. Please note, when bringing children along, that the trip takes about 12 hours.

Further information will be posted on the website of Efling later.

Note that the selection of rest stops may be affected by the weather and other indeterminate factors on the day of the trip and therefore the schedule may undergo some changes.

Registration for the trip takes place at the offices of Efling through the telephone number: 510 7500 or by e-mail at orlof@efling.is